

HÁDEGISFUNDUR



Stefán Þór Helgason hjá Klak Innvot og Einar Gunnar Guðmundsson hjá Arionbanka.



Búi Bjarnar Aðalsteinsson, Stefán Atli Thoroddsen, Diðrik Steinsson og Trausti Harðarson.



Sigurður Arnjótsson hjá Brunni.

Rætt um **sprotafyrirtæki** og sprotasjóði

Nýsköpunarhádegi var haldið í Innovation House Reykjavík á Eiðistorgi í vikunni. Fundargestir hlýddu á reynslusögu sprotafyrirtækisins Cooori sem hefur þróað nýjar aðferðir til tungumálanáms og sækir helst á Japansmarkað. Einnig voru kynningar hjá fulltrúum þriggja nýrra sprotasjóða.



Svana Gunnarsdóttir hjá Frumtæki, Örn Valdimarsson hjá Eyfir Sprotar og Karl Bragason.



Þorsteinn G. Gunnarsson, stjórnarformaður sprotafyrirtækisins Cooori, fór yfir sögu fyrirtækisins.

Morgunblaðið/Góll

Plankaparket í miklu úrvali



Burstað, lakkað, olíuborið, handheflað, reykt, fasað, hvítt... hvernig vilt þú hafa þitt parket?

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Parki
INTERIORS

Dalveggi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

SPROTAR

Loftræstieining sem rúmast hvar sem er

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbi.is

Eftir langa þróunarvinnu er Breather Ventilation komið á það stig að halda á alþjóðlega sýningu til að kynna byltingarkennda hönnun.

Jóhannes Loftsson hjá Breather Ventilation hefur ástæðu til að vera hjartsýnn, því eftir miklu er að slægjast í heimi loftræstikerfa. Jóhannes hefur hannað og smíðað byltingarkennt loftræstítæki, Andblæ, sem hefur alla burði til að mala gull.

„Í tækinu eiga sér stað varmaskipti svo að heita loftið sem dælt er út hitar upp kalda loftið sem tekið er inn, og um leið er nýja loftið hreinsað í síu. Þegar eru til tæki sem gera einmitt þetta, enda góð leið til að lækka kostnað við kyndingu og loftkælingu. Það sem gerir uppfinningu Breather Ventilation sérstaka er að loftræstítækið er mjög fyrirferðarlítið og hentar því vel þar sem stórar loftræstieiningar komast ekki fyrir með góðu móti, s.s. í eldri byggingum.“

Gæti sparað mikla orku

Tæki Jóhannesar er hannað sem flöt eining sem getur t.d. lagst þétt upp að lofti eða vegg, eða jafnvel verið innbyggð sem hluti af gluggaramma og hentar Andblær því nánast hvar sem er. Kerfið er líka mjög skilvirkt, notar raforkuna vel og afkastar miklum inn- og útblæstri. Jóhannes segir gríðarlegt orku-



Morgunblaðið/Eggert

Jóhannes segir að ef tækið væri notað í fimm milljón íbúðum í Evrópu myndi orkusparnaðurinn á köldum degi jafngilda allri raforkuframleiðslu Íslands.

tap fylgja því þegar hiti tapast úr húsum að vetri til, eða kulddinn að sumri til, og ekki að ástæðulausu að sumri til, og ekki að ástæðulausu að markaðurinn með varmaskiptandi loftræstítæki í löndum á borð við Þýskaland vex nú um allt að 20% á ári. „Sem dæmi um hve mikil orka er að tapast vegna loftræstingar þá má reikna út að ef tæki Breather Ventilation væri notuð í fimm milljón íbúðum í Evrópu myndi það á köldum degi skila orkusparnaði sem jafngildir allri raforkuframleiðslu Íslands.“

Breather Ventilation hlaut á dögunum rannsóknarstyrk frá

Tækniprófnarsjóði Rannís og síðasta sumar fékk verkefnið stuðning frá Átaki til atvinnusköpunar og Íslandsbanka, en Orkusjóður veitti framlag árið 2013.

Framundan er að smíða sýningareintak af loftræstikerfinu og kynna á Nordbygg, stærstu ráðstefnu byggingariðnaðarins á norðurlöndunum. Þar vonast Jóhannes til að tekið fangi athygli fjárfesta og samstarfsaðila til frekari þróunar og á endanum fjölðaframleiðslu og sölu tæksins. Reiknast honum til að það kosti um 50 milljónir króna að koma Andblæ á markað.